

**96. fundur  
fræðslunefndar  
haldinn í bæjarstjórnarsal,  
miðvikudaginn 4. febrúar 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Birna Sævarsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Símon M. Sturluson, foreldraráði grunnskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Birna Á. Þórsteinsdóttir, foreldraráði leikskóla, Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Arna Sædal Andrésdóttir.

**Dagskrá:**

**Skýrslur skólastjóra.**

**1. 0902004 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum.**

- Höldum áfram að taka inn árs gömul börn. Breytum út af fyrri ákvörðun um að taka aðeins börn inn að vori og hausti. Tókum inn börn í nóvember, janúar, febrúar, mars og sennilega í apríl. Þetta ákváðum við að gera til að bregðast við breyttum efnahagsforsendum hjá okkur öllum.
- Í byrjun febrúar eru hér 65 börn og eitt væntanlegt í aðlögun, tvö börn eru að flytja hingað með fjölskyldum sínum.
- Blindraráðgjafi og blindrakennari frá Þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga komu í heimsókn í leikskólann um daginn.
- Búin að halda þorablót, fengum Línu frá Norska húsinu til þess að koma og sýna okkur gamla hluti sem notaðir voru til matargerðar.
- Stafsdagur verður 23. febrúar, þá fáum við námskeið í samskiptum og vinnugleði. Það er byggt á hugmyndafræði sem kennd er við „fiskinn“.
- Mannabreytingar: 1. janúar byrjaði Guðbjörg Valsdóttir í 60% vinnu, þá fór Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir í 40% stöðu. Ásta Valdís Guðmundsdóttir hefur sagt upp og hætti 1. febrúar. Þá var Guðbjörg ráðin í 100% stöðu. Sérkennslustaða Ástu verður auglýst síðar, hennar störfum verður deilt niður á leikskólastjóra, deildarstjóra og stuðningsaðila.
- Árið byrjaði með veikindahrinu sem er heldur að lægja núna. Engar fleiri stórar breytingar eru fyrirsjáanlegar á næstunni í starfsmannahópnum.
- Haldið verður upp á Dag leikskólans nk. föstudag, 6. febrúar. Foreldrum og forráðamönnum boðið að koma og fá sér morgunkaffi þennan dag.

- Skiptinemi frá grunnskólanum kemur í heimsókn á leikskólann tvisvar sinnum í mánuði. Tilraunastarf á milli grunnskóla og leikskóla.
- Sumarleyfi: Gerð var könnun meðal foreldra um vilja þeirra til sumarleyfa leikskólans. Af 64 foreldrum voru 14 sem skiluðu inn óskum. 8 foreldrar vildu taka sumarfrí frá 13. júlí til 7. ágúst. Flestir, eða 11 af 14 vildu bæta tveimur vikum við sumarleyfið. Í ljósi þess hve fáir svöruðu könnuninni og að flestir sem svöruðu vildu sama tíma og vildu lengja um tvær vikur, einnig í sparnaðarskyni, er tillaga mín eftir farandi:
  - a) Ég legg til að leikskólanum verði lokað í 24 virka daga í sumar frá 6. júlí til 7. ágúst. Einnig legg ég til að foreldrum verði gefinn kostur á að taka lengra sumarfrí fyrir börnin sín, þó alltaf í samhengi við lokun leikskólans.
  - b) Ég hef rætt þetta við bæjarstjóra og það var sameiginleg niðurstaða að leggja þetta til.  
Tillaga Sigrúnar samþykkt samhljóða.

Fyrirspurn: Á hvaða aldri eru skiptinemarnir sem koma úr grunnskólanum í leikskólann? Einn nemandi er núna og hann er á miðstigi.

Fyrirspurn: Eru 65 börn svipaður fjöldi og verið hefur undanfarin ár. Já, en börnin koma fyrir inn, geta byrjað við árs aldur.

Hversu löng hafa sumarleyfin verið á leikskólanum. Það er breytilegt. Hafa verið 24 dagar og eins 20 dagar.

## **2. 0902005 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum.**

- Janúar – og febrúarpunktur GSS.  
Lagðir fram.
- Undirbúningur næsta skólaárs.
  - ✓ Starfsmannaviðtöl eru í fullum gangi.
  - ✓ Þrír kennarar koma inn að nýju eftir leyfi á næsta skólaári.
  - ✓ Skólaárið á næsta ári verður með svipuðu sniði og undanfarin ár þrátt fyrir efnahagsástandið í landinu. Ferðir t.d. skíðaferðir og Laugaferðin verða ennþá til staðar en þó getur orðið einhver breyting á forfallakennslu eldri nemenda.  
Formaður fræðslunefndar fagnar því að þessar ferðir séu ekki skornar niður.
  - ✓ Fyrirsjáanlegur fjöldi nemenda á næsta skólaári er rétt innan við 170 nemendur.
- Önnur mál.
  - ✓ Skýrsla starfsfólks grunnskóla og tónlistarskóla til USA hefur verið afhent bæjarstjórn.

- ✓ Breytingar hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga verða 1. mars nk. Þá lætur Albert Eymundsson af starfi forstöðumanns og Sveinn Elínbergsson tekur við því. Gunnar Svanlaugsson þakkar Alberti vel unnin störf fyrir hönd Grunnskólans í Stykkishólmi.
- ✓ 29 nemendur luku framhald- og háskólaprófi við Grunnskólann í Stykkishólmi, sem er viðurkenndur próftökustaður, núna í janúar. Próftökurnar voru alls 54.
- ✓ Gjafir til Grunnskólans: Kvenfélagið Hringurinn gaf skólanum 20 svuntur, bútasaumskonur færðu Unni Breiðfjörð digital myndavél fyrir afnot af handavinnustofunni og hjón færðu skólanum að gjöf sjö sæta sófa. Afar flottar gjafir sem koma að góðum notum.

Fyrirspurn: Við hvaða aldur er skólahreysti bundið? Það er bundið við 10. bekk.

### **3. 0902006 - Kynning á Teymisvinnu í GSS.**

- Kynningu á Teymisvinnu við GSS frestað til næsta fundar.

### **Önnur mál.**

#### **4. Tvær ábendingar bárust fræðslunefnd.**

- Varðandi það hvort hægt sé að fjárfesta í vestum (með endurskini) á nemendur sem eiga leið milli grunnskólanna. Spurning hvort það sé hægt að fá einhvern til að sktyrkja þessi vestakaup.  
Skólastjóri grunnskóla ætlar að kanna þetta mál.
- Varðandi netaðgengi nemenda í grunnskólanum. Þetta mál er í vinnslu og skoðun.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.05